

Fundur götunafnanefndar Reykjavíkur

Árið 2025, miðvikudaginn 8. desember kl. 11:00, var haldinn 62. fundur Götunafnanefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 3. hæð, Arnarholti.

Fundinn sátu: Ólafur Ingibergsson, Ásrún Kristjánsdóttir, Óttar Kolbeinsson Proppé og Ólöf Skaftadóttir (Óttar og Ólöf í gegnum fjarfundarbúnað).

Fundarritari var Brynjar Þór Jónasson.

Þetta gerðist:

1. Nafnabreyting - Fífilsgata – Tillaga um Túnfífilsgötu - USK25110431

Lagt fram bréf Nýs Landspítala ohf., dags. 26. nóvember 2025, um nafnabreytingu á Fífilsgötu. Stjórn nýs Landspítala kemur því á framfæri við gatnanafnanefnd að gatan fái nafnið Túnfífilsgata.

Nefndin tekur vel í erindi Nýs Landspítala og samþykkir að breyta nafni Fífilsgötu í Túnfífilsgötu.

2. Nafngift nýrrar götu - Kringlureitur, áfangi 1 - USK25120304

Erindi til götunafnanefndar um nafn á nýja vistgötu á Kringlureit, áfanga 1, sbr. deiliskipulag í samþykktarferli.

Frestað.

3. Nafngift nýrrar götu - Hólmsheiði, athafnasvæði, áfangi 2 - USK25120303

Erindi til götunafnanefndar um nafngift á nýja götu á Hólmsheiði (áfanga 2), sbr. deiliskipulag samþ. í borgarráði 10. júlí 2025.

Frestað.

Fundi slitið kl. 12:00

Ólafur Ingibergsson

Ásrún Kristjánsdóttir

Óttar Kolbeinsson Proppé

Ólöf Skaftadóttir